

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 13 1924, um mælitæki og vogaráhöld, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 583 14. nóvember 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. febrúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóntasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Eftirfarandi efni skal bætt á lista í 7. gr. staflið e: „Bromum og ólífrænum söltum þess.“

2. gr.

Við 11. gr. bætist nýr stafliður e, er hljóði svo:
„Ákvæði c- og d- stafliða hér á undan taka þó ekki til tafna, sem innihalda medroxíprógesterón og ætlaðar eru handa hundum og köttum.“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. febrúar 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir tekjutryggingar og heimilisuppbótar skulu hækka um 14.6% frá 1. mars 1981 frá því sem þær voru í febrúar 1981.

Aðrar upphæðir bóta og greiðslu samkvæmt 74. gr. skulu frá sama tíma hækka um 6%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Úr gildi fellur reglugerð með sama heiti nr. 575 frá 14. nóvember 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.